

Mánudaginn 19. janúar 1970.

Nr. 148/1969. **Asíufélagið h/f og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Unni D. Haraldsdóttur

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 21. ágúst 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Gera þeir þær dómkröfur, að þeim verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 30.333.00 með 7% ársvöxtum frá 23. nóvember 1967 til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjendum beri að bæta stefnda tjón hennar að fullu.

Þegar litið er til atvika máls þessa, þykir hæfilegt að telja tjón stefnda vegna skemmda á bifreiðinni R 13925 kr. 63.000.00, sem áfrýjendum ber að bæta.

Þá ber áfrýjendum að greiða stefnda nokkrar bætur vegna afnotamissis bifreiðarinnar, og þykja þær hæfilega metnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt þessu verður áfrýjendum dæmt að greiða stefnda samtals kr. 73.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 63.000.00 frá slysdegi, 4. september 1967, til greiðsludags, en vextir af hærri fjárhæð verða eigi dæmdir, þar sem málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Afrýjendur, Asiúfélagið h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt stefnda, Unni D. Haraldsdóttur, kr. 73.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 63.000.00 frá 4. september 1967 til greiðsludags og kr. 22.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Unnur D. Haraldsdóttir, Ljósheimum 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1967, gegn Asiúfélaginu h/f, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu in solidum á tjónbótum að fjárhæð kr. 92.512.00 eða annarri lægri fjárhæð eftir mati réttarins með 9% ársvöxtum af hinni dæmdu fjárhæð frá 4. september 1967 til greiðsludags auk dagpeninga vegna afnotamissis af bifreiðinni R 13925, kr. 200.00 fyrir hvern dag frá 4. september 1967, þar til tjón þetta verður gert upp, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Loks áskilur stefnandi sér fullan bótarétt, ef síðar kynni að koma fram afleiðingar af meiðslum þeim, sem hún hlaut hinn 4. september 1967, þegar ekið var á bifreið hennar þann dag.

Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnanda gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 80.485.44 með 9% ársvöxtum frá 4. september 1967 til greiðsludags og kr. 200.00 í dagpeninga frá 4. september 1967 til 27. nóvember s. á. svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að sök verði skipt í máli þessu og kröfur stefnanda verði aðeins að hluta teknar til greina og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvikum er lýst á þá leið, að hinn 4. september 1967 hafi stefnandi ætlað að aka bifreið sinni, R 13925, af bifreiðastæðinu norðan Þjóðminjasafnsins yfir á norðurhelming Hringbrautar og austur þá götu. Þegar R 13925 hafi verið að sleppa við norðurakrein suðurhelling Hringbrautar, þá hafi bifreiðin R 3185, eign Asiúfélagsins h/f, komið akandi vestur Hringbraut, fyrst á vinstri akrein á eftir annarri bifreið og í hvarfi við hana, en beygt síðan

skyndilega yfir á hægri akrein, aukið hraðann upp í 70—80 km eða meira og náð að aka á hægri afturhorn R 13925. Hafi þeirri bifreið hvolft við áreksturinn og skemmzt svo, að hún muni ekki viðgerðarhæf, en stefnandi hafi hlotið slæmt höfuðhögg og hafi haft af því nokkur óþægindi síðan. Af þeim sökum sé gerður réttarskilnaður til síðari bótaréttar.

Stefnandi kveður bifreiðina R 3185 vera tryggða hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Í lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 3, skýrir Jónas Bjarnason lögreglumaður svo frá atvikum: „Undirritaður fór á árekstrarstaðinn ásamt lögregluþjóni nr. 87, sem gerði uppdrátt af vettvangi. Málsatvik voru þau, að bifreiðinni R 13925 var ekið út af bifreiðastæðinu, sem er við Hringbraut, rétt austan við Þjóðminjasafnið, og út á Hringbrautina, en lenti þá í árekstri við bifreiðina R 3185, er var á leið vestur nefnda götu. Fyrirnefnda bifreiðin valt við áreksturinn á vinstri hlið og síðan á þakið. Stjórnandi bifreiðarinnar R 13925, Unnur D. Haraldsdóttir, kvaðst hafa ekið út af nefndu bifreiðastæði og ætlað yfir Hringbrautina og inn í Tjarnargötu. Hún kvaðst hafa gætt að umferð og séð þá bifreið koma á vinstri akrein austan Hringbrautina á rólegri ferð og hafi hún verið það langt í burtu, að hún hafi haft nægan tíma hennar vegna til að aka yfir götuna. Kvaðst hún því hafa ekið af stað og verið komin talsvert út á götuna, er hún hafi séð til bifreiðar, sem komið hafi á hægri akreininni austan Hringbrautina á mikilli ferð. Kvaðst hún hafa reynt að forðast árekstur með því að auka hraðann og láta nefnda bifreið aka fyrir aftan sína, en það ekki tekizt og bifreiðin lent á hægri hlið bifreiðar sinnar, sem við það valt á vinstri hlið og síðan yfir á þakið. Bifreiðin R 13925 var mjög mikið skemmd. Hægri afturhorn hennar brotið (plast), þar sem R 3185 hafði lent á henni, og auk þess var öll yfirbygging hennar mikið beygluð, brotin og úr lægi færð. Ökumaður bifreiðarinnar R 3185, Kjartan Ö. Kjartansson, kvaðst hafa verið á leið vestur Hringbraut. Kvaðst hann hafa sveigt yfir á hægri akreinina og ætlað fram úr bifreið, sem ekið hafi á undan sér, og telja sig hafa verið á nálægt 70 km hraða, er hann hafi séð til ferða R 13925, þar sem hún hafi komið inn á götuna út af bifreiðastæðinu. Kvaðst hann þegar hafa hemlað, en bifreiðin runnið áfram og lent á R 13925. Sjáanlegar skemmdir á R 3185 voru: Vinstra frambretti beyglað, framstuðari skemmdur, brotin framlukt“.

Stefnandi, Unnur D. Haraldsdóttir, hefur skýrt svo frá í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, að hún hafi numið staðar, áður en hún ók út á Hringbrautina í umrætt skipti, beðið eftir, að hlé yrði á umferð. Er að því hafi komið, eða þegar næsta bifreið hafi verið í hæfilegri fjarlægð og að henni virtist á eðlilegum umferðarhraða, kveðst hún hafa ekið af stað og ætlað þvert yfir götuna, verið komin yfir hægri akreinina, er hún hafi allt í einu séð bifreið koma fljúgandi og heyrt um leið ískur í hemlum. Hún kveðst hafa stigið fastar á benzínfetilinn og ætlað að forða sér undan, en hvað síðan hafi gerzt, kveðst hún ekki geta gert sér grein fyrir, nema hvað hún hafi fundið, að mikið högg hafi komið á bifreiðina. Næst kveðst hún hafa munað eftir sér, er bifreið hennar hafi legið á hvolfi og hún verið að skreiðast út úr henni. Hún kvaðst ekki telja ólíklegt, að hún hafi misst meðvitund augnablik, enda hafi hún fengið högg á hvirfilinn, en ekki fundið til teljandi óþæginda fyrr en síðar. Stefnandi segir, að ökumaður R 3185 hafi komið til sín, strax og hún kom út úr bifreiðinni, verið í miklu uppnámi, enda hafi hann sagt, að hann hefði haldið, að hún væri dáið eða að minnsta kosti stórslösuð. Stefnandi segir, að hann hafi sagt lögreglunni, að hann hafi ekið á að minnsta kosti 70—80 km hraða, hafi rétt áður verið á skikkanlegum hraða, en ekið fram úr bifreið, sem á undan var, og þá aukið hraðann svo mjög. Stefnandi kveðst ekki hafa séð R 3185, er hún leit austur eftir Hringbrautinni, en þá muni hún hafa verið í hvarfi við bifreið, sem á undan henni var og á sama hraða. Stefnandi kveðst hafa farið að finna til þrauta í baki strax um kvöldið og fengið hlustarverk og síðar fundið til stífleika í hálsi og fundið til eymsla í honum við snertingu. Ekki kveðst hún þó enn hafa leitað læknis og ekki verið frá vinnu af þeim sökum. Stefnandi kveður uppdrátt af vettvangi vera réttan svo og vera rétt eftir sér haft í lögregluskýrslunni, en hvað skemmdum á bifreið sinni við komi, kveðst hún vita það eitt, að hún sé stórskemmd.

Ökumaður bifreiðarinnar R 3185, Kjartan Ö. Kjartansson, hefur meðal annars skýrt svo frá í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, að uppdráttur af vettvangi, sem honum var sýndur, sé réttur. Enn fremur kveður hann rétt eftir sér haft í lögregluskýrslunni, en skemmdir á bifreið sinni telur hann verulega meiri en fram komi í skýrslunni, þar sem vélarhlíf, grill, vatnskassi og vinstri framhurð hafi allt orðið fyrir miklum skemmdum sem og hugsanlega stýrisgangur bifreiðarinnar og grind. Hann skýrir nánar

þannig frá í umræddri lögregluskýrslu: „Ég ók í umrætt skipti vestur Hringbraut eftir vinstri akrein á eðlilegum umferðarhraða. Bifreið var á hægri akrein samsíða bifreið minni, en þó aðeins framar. Önnur bifreið var á vinstri akreininni, nokkurn spöl á undan mér. Þar sem ég ætlaði mér að halda áfram vestur Hringbraut og ætlaði að aka um innri akrein Melatorgs, tók ég skyndilega ákvörðun um að fara inn á hægri akreinina, fyrir framan bifreiðina, sem var mér á hægri hönd. Þar sem umferðin var hæg og ég þurfti aðeins að auka hraðann til að komast fram úr bifreiðinni og bifreiðin, sem var á undan mér, nógu langt í burtu, jók ég hraðann, gaf stefnuljós til hægri inn á hægri akreinina fyrir framan bifreiðina, sem þar var. Þegar bifreið mín var orðin réttvísandi eftir hægri akreininni, var ég enn nokkrum bíllengdum á eftir bifreiðinni á vinstri akreininni. Ég hyggt, að ökumaður hennar hafi í þessum svifum verið að hægja ferðina, þótt engin hemlaljós sæjust aftan á bifreiðinni, því svo mjög dró saman með okkur. En skyndilega sá ég bifreið koma út í götuna frá vinstri á mjög hægri ferð. Ég hafði ekki séð til hennar fyrr, þar sem bæði bifreiðin á vinstri akreininni og kyrrstæðar bifreiðar, sem stóðu á bifreiðastæðinu við eyjuna, sem skilur á milli akbrautar og bifreiðastæðis, skyggðu á. Ég snögghemlaði, en bifreiðin rann áfram, án þess að ég fengi nokkuð við ráðið, og rakst aftan á bifreiðina, sem var á leið yfir götuna, með þeim afleiðingum, sem greint er frá í lögregluskýrslunni. Ég get ekki sagt nákvæmlega um ökuhraða minn á þessum augnablikum, þar sem ég fylgdist ekki með hraðamæli bifreiðarinnar, en ég vil taka það fram, að mér hafði ekki gefizt tími til að draga neitt úr ferð aftur, sem ég hafði aukið skyndilega, þegar ég skipti um akrein.

Ég varð mjög miður mín við áreksturinn, einkanlega vegna þess, að ég í fyrstu taldi fullvíst, að konan, sem ég sá, að var við stjórn hinnar bifreiðarinnar, hefði orðið fyrir alvarlegum meiðslum. Þegar svo lögreglan spurði mig um ökuhraðann, gaf ég upp þann hraða, sem mér fannst sennilegastur“.

Við munnlegan flutning málsins hafa dómkröfur stefnanda verið studdar þeim rökum, að ökumaður bifreiðar stefnda Asíufélagsins h/f hafi með of hröðum og ógætilegum akstri sínum einn átt alla sök á umræddu slysi, og beri því hinir stefndu in solidum fébótaábyrgð á tjóninu, sem af umræddum árekstri hlaut.

Hinir stefndu styðja dómkröfur sínar þeim rökum, að við þær

aðstæður, sem um var að ræða, hafi stefnanda borið að sýna alveg sérstaka varúð. Bifreiðar á stæðinu hafi takmarkað henni útsýn og hafi henni borið að bíða, þar til öruggt væri, að hún kæmist leiðar sinnar án þess að valda umferð á annarri hvorri akrein syðri akbrautar Hringbrautar hættu eða hindrun. Þess í stað hafi hún ekið í veg fyrir bifreið, er hún hafi séð. Ökumaður þeirrar bifreiðar hafi séð til ferða hennar í tíma og hægt á ferð bifreiðar sinnar og forðast slys. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar hafi hins vegar ekki getað séð til ferða stefnanda í tíma og slys hafi því ekki orðið forðað (sic) þrátt fyrir snarræði hans og viðbragðsflýti. Honum verði ekki gefið að sök, að hann skyldi ekki sjá til stefnanda fyrr. Stefnanda sé hins vegar sökin að aka út á aðalbraut, eina fjölförnustu götu borgarinnar, án þess að gæta nægilega að umferð áður. Kveða hinir stefndu þetta ætti að nægja til sýknu, en að vísu verði að fallast á það, að hemlaför eftir bifreið stefnda Asiúfélagsins h/f bendi til fullmikils hraða á þessum stað. Vilji þeir því fallast á, að ökumaður bifreiðarinnar eigi einnig nokkra sök á árekstrinum.

Samkvæmt framburði málsaðilja og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, svo sem lengd hemlafara og fleira, er í ljós leitt, að ökumaður bifreiðarinnar R 3185, eign stefnda Asiúfélagsins h/f, hefur ekið langt yfir lögleyfðan hraða í umrætt sinn og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í akstrinum miðað við aðstæður. Lítur dómurinn svo á, að orsakir slyssins verði eingöngu raktar til þessa of hraða og ógætilega aksturs og beri því hinir stefndu fulla fébótaábyrgð á tjóni því, sem af umræddum árekstri hlaut.

Mat hefur farið fram á bifreið stefnanda, og hefur matsgerðin verið lögð fram í málinu sem dskj. nr. 9. Það, sem beðið var um að metið yrði, var:

1. Hvort bifreiðin væri viðgerðarhæf.
2. Hvað viðgerð mundi kosta.
3. Ef viðgerð væri talin skynsamleg, þá hvort eða hvert verðfall megi teljast hæfilegt á bifreiðinni að lokinni viðgerð miðað við gerð hennar, aldur og ástand.
4. Verðmat á bifreiðinni fyrir og eftir tjón samkvæmt samkomulagi aðilja, þegar matið fór fram.

Niðurstöður matsmanna, þeirra Sigurgests Guðjónssonar bifvélavirkjameistara og Gunnars Björnssonar bifreiðasmíðameistara, eru sem hér segir:

1. Að þeir telja bifreiðina viðgerðarhæfa.
2. Viðgerðarkostnað meta þeir samtals kr. 42.721.00.

3. Þeir telja viðgerð ekki skynsamlega.

4. Verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón meta þeir á kr. 52.000.00.

Verðmæti eftir tjón kr. 15.500.00.

Stefnandi telur framangreint matsverð bifreiðarinnar fyrir tjón of lágt og hefur því í stefnu gert kröfu til bóta að fjárhæð kr. 92.512.00, sem var verð bifreiðarinnar R 13925 nýrrar. Við munnlegan flutning málsins var bótakrafan lækkuð í kr. 80.485.44 með tilliti til þess, að búið var að nota bifreiðina, er hún varð fyrir tjóninu.

Með tilliti til þess, að bifreiðin var aðeins eins árs og níu mánaða gömul, er hún varð fyrir tjóninu, og hafði þá verið ekið aðeins 17.000 kílómetra, er það álit dómenda, að verðmæti hennar fyrir tjón sé hæfilega metið á kr. 63.000.00.

Stefnandi hefur krafist fyrir afnotamissi bifreiðar sinnar kr. 200.00 á dag frá 4. september 1967 til 27. nóvember 1967, eða samtals kr. 16.800.00. Þykir kröfu þessari í hóf stillt, og verður hún því tekin óbreytt til greina.

Ber því hinum stefndu in solidum að greiða stefnanda kr. 63.000.00 + kr. 16.800.00, eða samtals kr. 79.800.00, enda er þá bifreið sú, er fyrir umræddu tjóni varð, eign hinna stefndu.

Vextir ákveðast 7% ársvextir af kr. 63.000.00 frá 4. september 1967 til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Sigbór Guðjónssyni og Valdimar Leonhardssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndu, Asiufélagið h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Unni D. Haraldsdóttur, kr. 79.800.00 með 7% ársvöxtum af kr. 63.000.00 frá 4. september 1967 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað, enda er þá bifreið sú, er umrætt tjón varð á, eign hinna stefndu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.